

695. mál.

Nefndarsvið Alþingis

Utánríkismálanefnd

nefndarsvid@althingi.is

Umsögn vegna.

**Tillaga til þingsályktunar  
um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.**

(Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Umsögn ritar:

Júlíus Sigurþórsson

Kt 090773-5779

Vogagerði 34

190 Vogar

Sími 774 – 43 44

Tölvupóstur: julius.sigur@gmail.com

Athugið að umsögnin inniheldur upplýsingar sem kunna að vera trúnaðarmál um varnir Íslands.

Höfundur hefur af áhugamennsku fræðst um varnar- og öryggismál sl. 25 ár og lesið sér til um hersagnfræði og fræði hermennsku á þeim tíma. Sérstök áhersla hefur verið á nútíma hernað.

Höfundur hefur fylgst náið með hernaðar uppbyggingu Rússlands undanfarin 10 ár. Tengt því reit höfundur grein árið 2008 í tímaritið Þjóðmál undir heitinu „Rússneski Björninn er vaknaður“.

Höfundur hefur komið að verkefnavinnu tengdum öryggismálum innan stjórnarráðsins.

Umsögnin er tvíþætt, fyrri hlutinn undir heitinu „Hættumat vegna Íslands, komi til átaka milli Rússlands og NATO“. Þar rökstyður höfundur það álit sitt að herstyrkur Rússlands sé vanmetinn og að herstyrkur NATO sé ofmetinn og liggur vel við höggi.

Seinni hlutinn er undir heitinu „Varnir Íslands“ og fjallar um hertæknilegar aðferðir til að hernema Ísland og er með tillögum um hagkvæma og einfalda útfærslu á borgaralegum vörnum sem gerði innrásarliði stórum erfiðara fyrir um að hernema landið.

## Hættumat vegna Íslands, komi til átaka milli NATO og Rússlands.

Herstyrkur Rússlands.

The International Institute of Strategic Studies lýsir hergagnæign Rússa árið 2014 á þennan hátt:

Búnaður

Skriðdrekar: 2.550 sem allir teljast fullkomlega nútímavæddir, nýjir eða verulega uppfærðir. Í geymslu um 18.000 skriðdrekar.

APC (Armored personel carrier) Brynvarðir liðsflutningavagnar : 9.700 og að auki 2.000 í geymslu.

IFV (Infantry fighting vehicle) Þungvopnaðir liðsflutningavagnar: 7.360 og að auki 8.500 í geymslu.

Fallbyssur : Á beltavögnum tiltækar til notkunar: 5.436 og í geymslu 4.050.

Dregnar fallbyssur: tiltækar til notkunar 550 og í geymslu 12.215.

Mannafli

845.000 starfandi hermenn sem skiptist þannig: Landher: 250.000 , fallhlífahermenn 35.000. Sjóher: 130.000. Flugher: 150.000. Loftvarnir/kjarnorka/geim umsjón: 80.000. Yfirstjórn: 220.000.

Þá er tiltækur 519.000 manna hliðsettur liðsafli sem myndaður er af sérsveitum lögreglu, herlögreglu, Spetznas- sérsveitum, járnbrautarlögreglu, landamæravörðum o. fl.

Allir í hliðsetta heraflanum eru atvinnumenn, yfirstjórn hersins er atvinnumenn og í almenna heraflanum eru 295.000 atvinnuhermenn og af þeim eru 120.000 undirforingjar.

Varalið

Tölur sýna að undanfarin 12 ár hefur nánast hver einasti tiltækur karlmaður í Rússlandi á aldrinum 18 til 27 ára hlotið herþjálfun. Þannig hafa samtals 4.245.540 hermenn verið að fullu þjálfaðir. Bæði grunnþjálfun og sérmenntun. Allir eru þessir menn nú undir fertugu og því full færir um störf í fremstu víglínu. Allir sem gegna herþjónustu skrifa undir samning um að vera í varaliði hersins til fimmtugs. Því má fullyrða að um 2 milljónir manna milli fertugs og fimmtugs til viðbótar væru tiltækar til hernáðarstarfa, þó fæstir í fremstu víglínu.

Þannig má segja að kæmi til styrjaldar, gætu fimm milljónir manna myndað rússneskar hersveitir, við þetta bætast 2 milljónir eldri hermanna sem geta sinnt léttari störfum, birgðaflutningum og gæslustörf.

Samanburður við hersveitir NATO.

Til samanburðar er her Þýskalands sem réðst á Sovétríkin 22. Júní 1941.

Tegund	Rússland 2015	Hitler Júní 1941 <sup>1</sup>	Burðarríki NATO <sup>2</sup> Innan Evrópu	USA/Kanada
Hermenn <sup>3</sup>	7.000.000	3.800.000	1.958.898	2.335.743
Skriðdrekar	21.000 - 25.000	4.300	2.260	6.922
AFV (IFV APC) <sup>4</sup>	27.560	u.þ.b. 10.000	15.946	44.359
Fallbyssur	22.251	7.200	2.292	7.719
Flugvélar <sup>5</sup>	1.493	4.389	1.174	3.650
Þyrlur <sup>6</sup>	392	0	826	907

<sup>1</sup> Operation Barbarossa. Innrás Öxulvelda á Sovétríkin 22. Júní 1941. Einungis hersveitir á austurvígstöðvunum.

<sup>2</sup> Pólland, Þýskaland, Bretland, Frakkland, Holland, Belgía og Ítalía. Ég tel að önnur ríki myndu veita frekar takmarkaða hjálp, vegna smæðar hers, fátæktar eða vegna nálægðar við önnur átakasvæði (t.d. Tyrkland og austur Evrópuríki).

<sup>3</sup> Aðallið og varalið.

<sup>4</sup> Armored fighting vehicle. Bæði Infantry fighting vehicle og Armored personnel carrier.

<sup>5</sup> Einungis orrustuþotur og sprengipotur.

<sup>6</sup> Einungis Árásþyrlur.

## 695. mál. Umsögn Júlíus Sigurþórsson

Fjárframlög til varnarmála.

Hér fyrir neðan má sjá framlög Rússlands til varnarmála síðastliðin ár og hvar þeir hafa gefið út um næstu ár. Athuga verður að þessar tölur eru í milljörðum Rúbla. Þarna sést að fjárframlög 2013 eru tvöföld fjárframlaga 2008. Og samkvæmt fullyrðingum helstu sérfræðinga má ætla að tölur fyrir 2014 - 2016 séu að minnsta kosti 500 milljörðum rúbla of lágar.

2003 <sup>7</sup>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014 <sup>8</sup>	2015	2016
521	604	773	939	1114	1396	1636	1783	2064	2500	2796	2490	3030	3380

Allar óháðar alþjóðastofnanir um vopnaeftirlit svo sem SIPRI, IISS, IHS og Global Security telja að Rússar gefi upp lægri tölur en þeir í raun verja til varnarmála.

Fara verður varlega í að bera saman framlög í Rússlandi við framlög USA. Þó framlög USA séu sjöföld í USD þá má ekki gleyma að Bandaríkjamenn hafa staðið í styrjöld allan tíman. Auk þess sem sambærilegur hlutur er mun dýrari í USA heldur en í Rússlandi. Eitt gott dæmi er að mánaðarlaun óbreytts hermanna í Rússlandi er 300 US dollarar á mánuði á meðan bandarískur er með um 2.000 US dollara á mánuði.

Útkoma styrjaldar í dag.

Mun fleiri ríki eru í NATO en nefnd hafa verið hér að framan. Þar má nefna Tyrkland með 1 milljón hermenn, Grikkir með um 600 þúsund. Spánn og Portugal með samtals um 300 þúsund og svo frv. Til að jafna það út, má benda á að Rússar standa heldur ekki einir. Þeir eiga nána bandamenn í Hvíta Rússlandi, Kazakhstan, Kyrgyzstan, Turkmenistan, Tadjikistan, Uzbekistan, Moldova og Serbia. Ekki má heldur ætla að þeir verði einangraðir, því gera má ráð fyrir að viðskipti yrðu opin milli Rússlands og Kína áfram. Svo má heldur ekki gleyma að drjúgur hluti Úkraínu stendur með Rússum.

Þegar litið er á tölur hér fyrir framan, þá má ætla að NATO hefði betur gegn Rússlandi í styrjöld. Ekki síst ef um væri að ræða atburðarás eins og sást í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar, þar sem liðu 9 mánuðir frá því að styrjöld var lýst, þar til laust saman með herjum Þjóðverja og bandamanna. Fengi NATO slíkan undirbúningstíma, þá þyrfti ekki að efast um útkomuna.

NATO er í dag algerlega óviðbúið stórstyrjöld með skömmum eða engum fyrirvara. Ef Rússum tekst að undirbúa og hefja stríðsrekstur án þess að NATO-ríki bregðist við má gera ráð fyrir að Rússar nái slíku frumkvæði í bardögum að herir NATO nái aldrei að safna saman nægum styrk á einum stað til að stöðva sókn Rússa.

Annað sem Rússar gætu gert er að kljúfa heri NATO. Í listanum yfir herstyrk hér að framan, má sjá að ríflega hálfur herstyrkur NATO er vestan Atlantshafsins. Rússar mundu leggja höfuðáherslu á að þessi herafli kæmist aldrei til Evrópu. Besta leiðin til þess er að hernema Ísland, og gera þaðan út flota herskipa, kafbáta og sprengiflugvéla ásamt orrustuþotum. Flugvélar gætu algerlega lokað norðanverðu Atlantshafi og kafbátar gætu einbeitt sér að sunnanverðu Atlantshafi. Á þennan hátt yrði ef til vill unnt að hindra alla flutninga yfir Norður-Atlantshaf eða tefja þá vikum og mánuðum saman. Ljóst er að hernám Íslands yrði fyrirvaralaus og á fyrstu stigum átaka. Þá má gera ráð fyrir að slík árás yrði sambærileg hernámi Þjóðverja á Danmörku og Noregi 1940, þar sem borgarlegum flutningstækjum var beitt til að koma mönnum og búnaði óséd yfir opið haf og að ströndum landsins.

<sup>7</sup> 2003 - 2013 samkvæmt SIPRI. Stockholm International Peace Research Institute.

<sup>8</sup> 2014-2016 áætlun samkvæmt RIA Novosti 8. okt 2013

## Varnir Íslands

Að hernema Ísland

Að hernema Ísland óvænt um þessar mundir er hernaðarlega hvorki flókið né erfitt verkefni. Í landinu eru á bilinu 50 - 70 lögreglumenn sem hafa hlotið þjálfun að ráði í vopnaburði. Nokkrir starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa einnig grunnþjálfun í vopnaburði. Ef til vill má kalla saman um 100 - 120 manns sem hægt væri að vopna og beita í stuttri orrustu. Þjálfun manna er að takmörkuðu leyti tengd hernaði heldur er um að ræða lögregluþjálfun.

Hernaðarlegt stjórnkerfi er ekki til í landinu og ekki neinar útkallsreglur á því sviði. Birgðir af vopnum og skotfærum eru takmarkaðar, engin þungavopn eru í eigu ríkisins, engar handsprengjur eða sjálfbær fjarskiptabúnaður. Í þessu tilliti má einfaldlega segja að landið sé varnarlaust.

Utan að komandi aðstoð er að litlu leyti tiltæk og ekki hafa verið æfðir herflutningar til landsins í fjölda ára. Þó má benda á viðbragðssveitir NATO og sérstakar hersveitir stærri NATO ríkja. Gera má ráð fyrir að hægt yrði að flytja hingað herlið með 36 - 48 klst fyrirvara. Til að slíkar sveit verði fluttar á átakasvæði þarf aðgengi að meðalstórum flugvelli og traustar flugsamgöngur.

Dæmi um einfalda áhrifaríka framkvæmd

Rússar gætu nokkrum dögum fyrir raunverulega innrás komið fyrir nokkrum tugum sérsveitarmanna í dulbúningi ferðamanna. Síðan mætti senda hingað farþegaflugvél með 120 - 150 fullbúna sérsveitarmenn sem leiguflug með ferðamenn frá Rússlandi. Þá væri hægt að senda aðra vél til Kanada undir sömu merkjum og láta hana millilenda hér til að taka eldsneyti. Þannig mætti koma og beita samtímis 300 - 350 innrásarhermönnum. Þeir myndu hertaka t.d. Keflavíkflugvöll og næsta nágrenni. Á sama tíma mundu 2 - 3 herflutningavélar með búnað og mannskap til frekari hernaðar halda af stað frá Rússlandi. Þær flyttu þungavopn og birgðir. Rússnesk flutningaskip undan strönd landsins, eitt eða tvö, breyttu skyndilega um stefnu og héldu til hafnar (með vélarbilun að yfirvarpi). Um borð í skipunum væru birgðir og brynvarin farartæki.

Nægur tími yrði fyrir hermennina til að útvega sér flutningabíla og rútur til að hernema lykilstaði á landinu, enda gætu þeir ferðast nánast óhindrað um landið.

Þetta yrði fyrsta skref í styrjöld milli Rússa og NATO. Bandaríkjamenn vissu ekki af þessu fyrr en eftir upplýsingar frá Íslandi og þeir stæðu frammi fyrir orðnum hlut. Á sólarhring mætti hernema helstu flugvelli og samskiptamannvirki á landinu og á einni viku gætu Rússar numið landið að fullu og tryggt birgðaflutninga til og frá Rússlandi.

Hernám Íslands með lítilsháttar fyrirstöðu

Sé litið á þetta dæmi hér að ofan og gert ráð fyrir að með virku skipulagi og skömmum fyrirvara mætti kalla 700 manns til varna hér á landi, þyrfti 3000 til 3500 þrautþjálfaða og vel búna hermenn, fallhlífarhermenn og landgönguliða, til að yfirbuga af öryggi þann fjölda á sjö til tíu dögum. Svo fjölmennt árásarlið yrði að geta treyst á birgðir og búnað sem næmi mörg hundruð tonnum, skotfæri, mat, þungavopn, hjálpar- og hjúkrunarlið o. s. frv.

Einnig yrði innrás við þessar aðstæður að vera það margþætt að þeir gætu hernumið helstu flugvelli landsins á innan við sólarhring. Þá yrðu þeir að koma sér upp loftvörnum og setja af stað eigið loftrýmiseftirlit sem yrði að vera virkt allan sólarhringinn.

Til að koma svo stóðrum hópi til landsins þyrfti 50 - 60 herflutningaflugvélar og 2 - 3 skip. Umfangið yrði með öðrum orðum svo mikið að viðvörunarljós mundu kvikna í herstjórn NATO og í Bandaríkjunum, varnarsamningurinn yrði virkjaður áður en óvini tækist að leggja öll mikilvæg svæði landsins undir sig.

Tillaga um landamæravarnir

Hlutverk lögreglu er að halda uppi lögum og reglu og aðstoða borgarana og vernda þá í neyð. Ef lögreglan tekur að sér landvarnir og önnur þjód gerir innrás, fær lögreglan réttarstöðu hers. Verði hún undir í átökunum fá lögreglumenn réttarstöðu stríðsfanga. Í raun mega lögreglumenn ekki grípa til vopna gegn innrásarliði sé litið til alþjóðalaga. Á áttakátímum á lögregla að njóta friðhelgi eins og almannavarnarsveitir. Í landinu verða yfirvöld að geta haldið uppi óhindraðari löggæslu ef svo illa færi að landið yrði hernumið.

Hér kemur til álita að skipuleggja sveit landamæravarda, en *border guards* eru á ófriðartímum taldir hernaðareining og lúta reglum Genfar-sáttmálans, alþjóðasáttmálans um réttarstöðu í hernaði. Landamæravarsla telst þó borgaralegt verkefni á friðartímum. Vilji Íslendingar ekki her af ótta við að verða sendir til átakasvæða erlendis ættu þeir að setta sig við að þjálfaðar verði sveitir til að verja landamæri landsins en það fellur einnig vel að kröfunni um aukna landamæravörslu almennt.

Stofna má landamæradeild undir merkjum Landhelgisgæslu Íslands og fela henni landvarnir í víðasta skilningi þess orðs. Deildin hefði sérstöðu innan Landhelgisgæslunnar en lyti yfirstjórn hennar sem einingar og deildin hefði afnot af húsakosti NATO og ríkisins á Keflavíkurflugvelli sem er nú þegar undir forsjá landhelgisgæslunnar. Yrði þetta framhald af þeirri breytingu og þróun sem sett hefur svip á landhelgisgæsluna frá því að Bandaríkjaher hvarf af landinu í september 2006.

Breyting í þessa veru mundi styrkja starfsumboð þeirra sem sinna ratsjáeftirliti og sprengjuleit á vegum landhelgisgæslunnar. Samskipti við NATO tækju á sig nýjan svip. Undir landamæraveitina félli starfsemi í vaktstöð, eftirlit með komu fólks til landsins með flugvélum og skipum, vopnaleyit vegna ferðamanna, öryggisgæsla í höfnum og á flugvöllum um allt land.

Þjálfun landamæravarda tæki mið af fjölbreyttum verkefnum og við hlið þeirra starfaði varalið sem einnig hlyti grunnþjálfun. Séð yrði til þess að í landinu væri búnaður til að bregðast við vel skilgreindum verkefnum sem kynnt yrðu á alþingi og eru í samræmi við öryggismat.